

# Ljósa

## *Kennsluleiðbeiningar*

© 2013 Gyða Erlingsdóttir og Hjördís Alda Hreiðarsdóttir

Þessar kennsluleiðbeiningar voru unnar vorið 2013 sem lokaverkefni í námskeiðinu Kennsla íslensku á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Námskeiðið er ætlað fólki sem hefur lokið háskólanámi í íslensku en hyggst leggja fyrir sig kennslu í framhaldsskólum. Umsjónarmaður námskeiðsins var Þórunn Blöndal.

## Um kennsluleiðbeiningarnar

Þessar kennsluleiðbeiningar eru ætlaðar til aðstoðar við kennslu skáldsögunnar *Ljósu* eftir Kristínu Steinsdóttur. Kennsluleiðbeiningarnar samanstanda af margs konar verkefnum sem eru unnin ýmist áður en sagan er lesin, á meðan lestri stendur eða eftir að lestri lýkur. Leitast er við að draga fram ákveðin þemu sögunnar sem eru líkleg til að hjálpa nemendum að nálgast söguna og greina texta hennar. Lögð er áhersla á samvinnunám, umræður, hópvinna og að unnið sé með alla þætti tungumálsins. Verkefni er hægt að nota eins og þau eru sett fram hér en vissulega má breyta þeim að vild og sníða að þörfum kennara.

## Inngangur

*Um Kristínu Steinsdóttur og tilurð skáldsögunnar Ljósu*

Kristín Steinsdóttir fæddist árið 1946 á Seyðisfirði. Hún er kennari að mennt og hefur kennt í bæði grunn- og framhaldsskólum. Kristín hóf ritferilinn með bókinni *Franskebraud með sultu* sem kom út árið 1987 og fyrir hana hlaut Kristín Íslensku barnabókaverðlaunin. Kristín er þekktur barnabókahöfundur og hefur gefið út nærri 30 bækur fyrir börn og unglina. Á síðustu árum hefur hún snúið sér að skrifum fyrir fullorðna og út hafa komið fjórar skáldsögur eftir hana fyrir fullorðna. *Ljósa* er sú þriðja í röðinni en hún kom út árið 2010. Nýjasta bók Kristínar er *Bjarna-Dísa* sem kom út fyrir jólin 2012. Skáldsögur Kristínar eiga þær það allar sameiginlegt að fjalla um hugarheim og örlög kvenna, gjarnan fyrr á tímum eins og í *Ljósu* og *Bjarna-Dísu*.

*Ljósa* segir sögu Pálinu Jónsdóttur, eða Ljósu eins og hún er alltaf kölluð. Sagan fylgir Ljósu í uppvextinum á heimili foreldranna þar sem hún kynnist ástinni, til Reykjavíkur þar sem hún stundar nám í Kvennaskólanum og svo aftur austur þar sem hún giftist. Yfirvofandi eru geðræn veikindi Ljósu sem aukast jafnt og þétt og ná hámarki í seinni hluta sögunnar. Í byrjun sögu er Ljósa kvíðin og viðkvæm en í seinni hluta sögunnar þjáist hún af alvarlegum geðsjúkdómi og fjallar sagan að vissu leyti um viðhorf til geðveikra á sögutímanum og aðbúnað þeirra. Í sögunni kallast á ýmsar andstæður eins og lífið í sveit og borg, veikindi og heilbrigði og misjöfn staða og tækifæri kynjanna.

# Verkefni 1

## *Kveikja*

*Til kennara:*

Í fyrsta tíma er gert ráð fyrir að kennari lesi upphafskafla sögunnar á bls. 5 og 6 upphátt fyrir nemendur og leggi í kjölfarið fyrir verkefni 1. Þetta er hugsað sem áhugakveikja fyrir nemendur áður en lestur bókarinnar hefst. Í lok tímans getur kennari síðan sett fyrir lestur í bókinni fyrir næsta tíma. Kennari annað hvort skiptir bekknum upp í fjóra hópa eða leyfir nemendum að velja sig í einn af hópunum fjórum og úthlutar síðan hverjum hópi viðeigandi verkefni.

*Verkefnið eins og það er lagt fyrir nemendur:*

### **Hópur 1: Leikritagerð**

Nú hefur upphafið af Ljósu verið lesið fyrir ykkur. Nýtið ykkur þennan textabút sem innblástur til þess að semja lítið leikrit og hafið eftirfarandi punkta í huga:

- Hver er þessi hún? Hver er staða hennar í þjóðfélaginu? Hvað er hún gömul?
- Hvert er hún að fara? Hvaða herbergi er þetta sem hún er að yfirgefa?
- Hver er þessi hann? Hvernig tengjast hann og hún?

### **Hópur 2: Teikna mynd/myndir**

Nú hefur upphafið af Ljósu verið lesið fyrir ykkur. Teiknið mynd / myndir þar sem þið nýtið ykkur þennan textabút sem innblástur. Hafið eftirfarandi punkta í huga:

- Hver er þessi hún? Hver er staða hennar í þjóðfélaginu? Hvað er hún gömul?
- Hvert er hún að fara? Hvaða herbergi er þetta sem hún er að yfirgefa?
- Hver er þessi hann? Hvernig tengjast hann og hún?

### **Hópur 3: Fréttamenn**

Nú hefur upphafið af Ljósu verið lesið fyrir ykkur. Nýtið ykkur þennan textabút sem innblástur til þess að semja frétt og hafið eftirfarandi punkta í huga:

- Hver er þessi hún? Hver er staða hennar í þjóðfélaginu? Hvað er hún gömul?
- Hvert er hún að fara? Hvaða herbergi er þetta sem hún er að yfirgefa?
- Hver er þessi hann? Hvernig tengjast hann og hún?

#### Hópur 4: Grúskarar

Nú hefur upphafið af Ljósu verið lesið fyrir ykkur. Nýtið ykkur þennan textabút sem innblástur, ræðið hann, skrifið hjá ykkur hugleiðingar hópsins og hafið eftirfarandi punkta í huga:

- Hver er þessi hún? Hver er staða hennar í þjóðfélaginu? Hvað er hún gömul?
- Hvert er hún að fara? Hvaða herbergi er þetta sem hún er að yfirgefa?
- Hver er þessi hann? Hvernig tengjast hann og hún?

**Markmið:** Með þessari kveikju er gerð tilraun til þess að fá nemendur til að velta fyrir sér um hvað bókin fjallar. Með því að fá þá til þess að mynda sér skoðun og giska á inntak sögunnar er líklegra að þeir hafi áhuga á að komast að því hvað gerist næst, hver *hún* er í rauninni og hvað verður um hana.

## Verkefni 2

### *Kynning á Ljósu og umræður*

#### *Til kennara:*

Hér kynnir kennarinn bókina formlega fyrir nemendum og setur skáldsöguna í samhengi við höfund og sögutíma. Rætt er um persónuleg tengsl höfundar við Ljósu, að hún sæki innblástur í sögu ömmu sinnar sem var uppi á fyrri hluta 20. aldar og átti við geðsjúkdóm að stríða. Kennari setur efnið fram á áhugaverðan hátt þar sem tíminn er til þess gerður að vekja frekari áhuga nemenda á bókinni og þá er t.d. hægt að fjalla um fyrri verk höfundar þar sem margir nemendur gætu þekkt til þeirra án þess endilega að vita af því. Í lokin er hægt að leyfa nemendum að lesa í bókinni þar til tíma lýkur. Þetta gæti komið þeim af stað sem annars myndu ekki sjálfir byrja að lesa bókina heima hjá sér.

#### *Möguleg umfjöllunarefni tímans:*

- Nokkrum viðtölum við Kristínu Steinsdóttur um *Ljósu* sem birst hafa á netmiðlum varpað upp og fjallað örstutt um þau, nemendur hvattir til að kynna sér þau betur síðar.
- Meginþemu bókarinnar kynnt fyrir nemendum.
- Nemendur fá tækifæri til þess að lesa sjálfir í bókinni.

**Markmið:** Að vekja áhuga nemenda á lestri *Ljósu* og hvetja þá sem ekki eru enn byrjaðir til að hefja lestur bókarinnar. Með því að vekja athygli nemenda á ákveðnum þáttum skáldsögunnar ættu þeir að veita þeim frekari athygli á meðan lestri stendur.

## Verkefni 3

### *Áhrif málfræðilegra eininga í texta*

*Til kennara:*

Hér er litið á virkni nokkurra málfræðilegra eininga í textabroti úr Ljósu. Skoðað er hvaða áhrif ákveðnir orðflokkar hafa á þau hughrif sem höfundur reynir að ná fram með textanum og út frá því er reynt að fá nemendur til að velta fyrir sér einkennum þessara orðflokka og hlutverkum þeirra í texta. Gert er ráð fyrir að nemendum sé skipt í fjóra hópa, A, B, C og D. Hver hópur fær sama textabrotið en í hverjum hópi er búið að fjarlægja mismunandi orðflokka úr textanum. Í lok tímans er gert ráð fyrir að hver hópur kynni sínar niðurstöður fyrir bekknum. Þannig er fjallað um nokkra mismunandi orðflokka í sama tímanum.

Í A-hluta hafa lýsingarorð verið fjarlægð úr textanum, í B-hluta eru það sagnorðin sem vantar, í C-hluta nafnorðin og í D-hluta vantar allar forsetningar. Gert er ráð fyrir að kennari afhendi hverjum hópi sinn hluta af textabrotinu með eyðunum. Nemendur glíma við spurningar 1 og 2 áður en þeir fá afhent óbreytta textabrotið og spurningar 3 og 4.

**Markmið:** Að nemendur velti fyrir sér virkni orðflokka í texta og átti sig á því að málfræði, val á orðum og málfræðilegum einingum eru verkfæri sem rithöfundurinn hefur til að koma hughrifum og tilfinningum til skila. Hér ættu nemendur að glöggva sig á mismunandi einkennum og virkni orðflokkananna með því að sjá hvaða áhrif það hefur þegar orðin vantar í texta.

*Verkefnið eins og það er lagt fyrir nemendum:*

## A-hluti

Hvernig skyldu útlönd vera fyrst Reykjavík er svona \_\_\_\_? Hér eru engin kennileiti, bara hús og aftur hús. Gunnhildur er \_\_\_\_ og finnst allt \_\_\_\_\_. Um \_\_\_\_ daginn eigum við frí. Þá linnir hún ekki látum og vill að við séum í \_\_\_\_\_ gönguferðum um bæinn.

Hún drífur mig líka út þegar dimmir því að hún fær aldrei \_\_\_\_ af því að horfa á ljóskerin. Þau standa \_\_\_\_ vegar um bæinn. Eitt er í Bakarabrekkunni og annað hjá Skólalábrú. \_\_\_\_\_ birtu leggur frá olíuluktinni út í gegnum glerið. Það verður að vera \_\_\_\_ áður en kveikt er. Og í tunglskini eru ljóskerin ekki notuð. Heldur ekki í \_\_\_\_ veðri þegar ætti að vera tunglskin.

Fyrst þegar við komum inn í búð fórum við í \_\_\_\_ hringi. Okkur langaði að skoða allt, snerta á öllu. Gunnhildur er enn haldin \_\_\_\_\_ búðarþrá en mér nægir að staðnæmast við Hansens-Magasín eða Hattasölubúðina. Þar get ég staðið tímunum saman og mænt á úrvalið. Í huganum sauma ég kjóla, skyrtur, svuntur, bý til hatta og \_\_\_\_ selskapsveski. Orðið vefnaðarvöruverslun hefur fengið \_\_\_\_\_ ljóma og orgelharmóníum hafði áður.

Skólastýran hjálpaði mér að komast í spilatíma. Pápi skrifaði henni bréf sem ég afhenti og dag nokkurn kallaði hún í mig og sagðist hafa fundið \_\_\_\_ kennara. Sagði að sér væri ekki sama hver kenndi stúlkunum sínum. Lagði \_\_\_\_ á við mig að vera \_\_\_\_ og \_\_\_\_\_. Og muna að koma \_\_\_\_ fyrir.

Til að byrja með á ég að fara í frítímanum einu sinni í viku. Kennarinn er frú Agnes Poulsen. Hún er \_\_\_\_ en skilur \_\_\_\_\_. Ég hneigði mig og þakkaði fyrir en byrjaði strax að kvíða fyrir.

1. Hvers konar orð eru það sem vantar í textann?
2. Kemst textinn af án þessara orða?

## Textabrotið óbreytt

Hvernig skyldu útlönd vera fyrst Reykjavík er svona stór? Hér eru engin kennileiti, bara hús og aftur hús. Gunnhildur er hugfangin og finnst allt skemmtilegt. Um miðjan daginn eigum við frí. Þá linnir hún ekki látum og vill að við séum í stanslausum gönguferðum um bæinn.

Hún drífur mig líka út þegar dimmir því að hún fær aldrei nóg af því að horfa á ljóskerin. Þau standa víðs vegar um bæinn. Eitt er í Bakarabrekkunni og annað hjá Skólalábrú. Ævintýralega birtu leggur frá olíuluktinni út í gegnum glerið. Það verður að vera vel dimmt áður en kveikt er. Og í tunglskini eru ljóskerin ekki notuð. Heldur ekki í alskýjuðu veðri þegar ætti að vera tunglskin.

Fyrst þegar við komum inn í búð fórum við í tóma hringi. Okkur langaði að skoða allt, snerta á öllu. Gunnhildur er enn haldin sótthitakenndri búðarþrá en mér nægir að staðnæmast við Hansens-Magasín eða Hattasölubúðina. Þar get ég staðið tímunum saman og mænt á úrvalið. Í huganum sauma ég kjóla, skyrtur, svuntur, bý til hatta og lítil selskapsveski. Orðið vefnaðarvöruverslun hefur fengið svipaðan ljóma og orgelharmóníum hafði áður.

Skólastýran hjálpaði mér að komast í spilatíma. Pápi skrifaði henni bréf sem ég afhenti og dag nokkurn kallaði hún í mig og sagðist hafa fundið góðan kennara. Sagði að sér væri ekki sama hver kenndi stúlkunum sínum. Lagði ríkt á við mig að vera dugleg og samviskusöm. Og muna að koma vel fyrir.

Til að byrja með á ég að fara í frítímanum einu sinni í viku. Kennarinn er frú Agnes Poulsen. Hún er dönsk en skilur íslensku. Ég hneigði mig og þakkaði fyrir en byrjaði strax að kvíða fyrir. (s. 56-57)

3. Hvaða hughrif kallar textabrotið fram án þessara orða? En með þeim?
4. Hvaða ályktun má þá draga af virkni og tilgangi slíkra orða í texta?



## B-hluti

Hvernig \_\_\_ útlönd \_\_\_ fyrst Reykjavík \_\_\_ svona stór? Hér \_\_\_ engin kennileiti, bara hús og aftur hús. Gunnhildur \_\_\_ hugfangin og \_\_\_ allt skemmtilegt. Um miðjan daginn \_\_\_ við frí. Þá \_\_\_ hún ekki látum og \_\_\_ að við \_\_\_ í stanslausum gönguferðum um bæinn.

Hún \_\_\_ mig líka út þegar \_\_\_ því að hún \_\_\_ aldrei nóg af því að \_\_\_ á ljóskerin. Þau \_\_\_ víðs vegar um bæinn. Eitt \_\_\_ í Bakarabrekkunni og annað hjá Skólalabru. Ævintýralega birtu \_\_\_ frá olíuluktinni út í gegnum glerið. Það \_\_\_ að \_\_\_ vel dimmt áður en \_\_\_ \_\_. Og í tunglskinu \_\_\_ ljóskerin ekki \_\_. Heldur ekki í alskýjuðu veðri þegar \_\_\_ að \_\_\_ tunglskin.

Fyrst þegar við \_\_\_ inn í búð \_\_\_ við í tóma hringi. Okkur \_\_\_ að \_\_\_ allt, \_\_\_ á öllu. Gunnhildur \_\_\_ enn \_\_\_ sóttitakenndri búðarþrá en mér \_\_\_ að \_\_\_ við Hansens-Magasín eða Hattasölubúðina. Þar \_\_\_ ég \_\_\_ tímunum saman og \_\_\_ á úrvalið. Í huganum \_\_\_ ég kjóla, skyrturn, svuntur, \_\_\_ til hatta og lítil selskapsveski. Orðið vefnaðarvöruverslun \_\_\_ svipaðan ljóma og orgelharmóníum \_\_\_ áður.

Skólástýran \_\_\_ mér að \_\_\_ í spílatíma. Pápi \_\_\_ henni bréf sem ég \_\_\_ og dag nokkurn \_\_\_ hún í mig og \_\_\_ \_\_\_ góðan kennara. \_\_\_ að sér \_\_\_ ekki sama hver \_\_\_ stúlkunum sínum. \_\_\_ ríkt á við mig að \_\_\_ dugleg og samviskusöm. Og \_\_\_ að \_\_\_ vel fyrir.

Til að \_\_\_ með á ég að \_\_\_ í frítímanum einu sinni í viku. Kennarinn \_\_\_ frú Agnes Poulsen. Hún \_\_\_ dönsk en \_\_\_ íslensku. Ég \_\_\_ mig og \_\_\_ fyrir en \_\_\_ strax að \_\_\_ fyrir.

1. Hvers konar orð eru það sem vantar í textann?
2. Kemst textinn af án þessara orða?

## Textabrotið óbreytt

Hvernig skyldu útlönd vera fyrst Reykjavík er svona stór? Hér eru engin kennileiti, bara hús og aftur hús. Gunnhildur er hugfangin og finnst allt skemmtilegt. Um miðjan daginn eigum við frí. Þá linnir hún ekki látum og vill að við séum í stanslausum gönguferðum um bæinn.

Hún drífur mig líka út þegar dimmir því að hún fær aldrei nóg af því að horfa á ljóskerin. Þau standa víðs vegar um bæinn. Eitt er í Bakarabrekkunni og annað hjá Skólalabru. Ævintýralega birtu leggur frá olíuluktinni út í gegnum glerið. Það verður að vera vel dimmt áður en kveikt er. Og í tunglskinu eru ljóskerin ekki notuð. Heldur ekki í alskýjuðu veðri þegar ætti að vera tunglskin.

Fyrst þegar við komum inn í búð fórum við í tóma hringi. Okkur langaði að skoða allt, snerta á öllu. Gunnhildur er enn haldin sóttitakenndri búðarþrá en mér nægir að staðnæmast við Hansens-Magasín eða Hattasölubúðina. Þar get ég staðið tímunum saman og mænt á úrvalið. Í huganum sauma ég kjóla, skyrturn, svuntur, bý til hatta og lítil selskapsveski. Orðið vefnaðarvöruverslun hefur fengið svipaðan ljóma og orgelharmóníum hafði áður.

Skólástýran hjálpaði mér að komast í spílatíma. Pápi skrifaði henni bréf sem ég afhenti og dag nokkurn kallaði hún í mig og sagðist hafa fundið góðan kennara. Sagði að sér væri ekki sama hver kenndi stúlkunum sínum. Lagði ríkt á við mig að vera dugleg og samviskusöm. Og muna að koma vel fyrir.

Til að byrja með á ég að fara í frítímanum einu sinni í viku. Kennarinn er frú Agnes Poulsen. Hún er dönsk en skilur íslensku. Ég hneigði mig og þakkaði fyrir en byrjaði strax að kvíða fyrir. (s. 56-57)

3. Hvaða hughrif kallar textabrotið fram án þessara orða? En með þeim?
4. Hvaða ályktun má þá draga af virkni og tilgangi slíkra orða í texta?

## C-hluti

Hvernig skyldu \_\_\_\_ vera fyrst \_\_\_\_ er svona stór? Hér eru engin \_\_\_\_, bara \_\_\_\_ og aftur \_\_\_\_\_. \_\_\_\_ er hugfangin og finnst allt skemmtilegt. Um miðjan \_\_\_\_ eigum við \_\_\_\_\_. Þá linnir hún ekki \_\_\_\_ og vill að við séum í stanslausum \_\_\_\_ um \_\_\_\_\_.

Hún drífur mig líka út þegar dimmir því að hún fær aldrei nóg af því að horfa á \_\_\_\_\_. Þau standa víðs \_\_\_\_ um \_\_\_\_\_. Eitt er í \_\_\_\_ og annað hjá \_\_\_\_\_. Ævintýrlega \_\_\_\_ leggur frá \_\_\_\_ út í gegnum \_\_\_\_\_. Það verður að vera vel dimmt áður en kveikt er. Og í \_\_\_\_ eru \_\_\_\_ ekki notuð. Heldur ekki í alskýjuðu \_\_\_\_ þegar ætti að vera \_\_\_\_\_.

Fyrst þegar við komum inn í \_\_\_\_ fórum við í tóma \_\_\_\_\_. Okkur langaði að skoða allt, snerta á öllu. \_\_\_\_ er enn haldin sótthitakenndri \_\_\_\_ en mér nægir að staðnæmast við \_\_\_\_ eða \_\_\_\_\_. Þar get ég staðið \_\_\_\_ saman og mænt á \_\_\_\_\_. Í \_\_\_\_ sauma ég \_\_\_\_, \_\_\_\_, \_\_\_\_, bý til \_\_\_\_ og lítil \_\_\_\_\_. \_\_\_\_\_ hefur fengið svipaðan \_\_\_\_ og \_\_\_\_ hafði áður.

\_\_\_\_\_ hjálpaði mér að komast í \_\_\_\_\_. \_\_\_\_ skrifaði henni \_\_\_\_ sem ég afhenti og \_\_\_\_ nokkurn kallaði hún í mig og sagðist hafa fundið góðan \_\_\_\_\_. Sagði að sér væri ekki sama hver kenndi \_\_\_\_ sínum. Lagði ríkt á við mig að vera dugleg og samviskusöm. Og muna að koma vel fyrir.

Til að byrja með á ég að fara í \_\_\_\_ einu sinni í \_\_\_\_\_. \_\_\_\_ er \_\_\_\_ \_\_\_\_ \_\_\_\_\_. Hún er dönsk en skilur íslensku. Eg hneigði mig og þakkaði fyrir en byrjaði strax að kvíða fyrir.

1. Hvers konar orð eru það sem vantar í textann?
2. Kemst textinn af án þessara orða?

## Textabrotið óbreytt

Hvernig skyldu útlönd vera fyrst Reykjavík er svona stór? Hér eru engin kennileiti, bara hús og aftur hús. Gunnhildur er hugfangin og finnst allt skemmtilegt. Um miðjan daginn eigum við frí. Þá linnir hún ekki látum og vill að við séum í stanslausum gönguferðum um bæinn.

Hún drífur mig líka út þegar dimmir því að hún fær aldrei nóg af því að horfa á ljóskerin. Þau standa víðs vegar um bæinn. Eitt er í Bakarabrekkunni og annað hjá Skólaláru. Ævintýrlega birtu leggur frá olíuluktinni út í gegnum glerið. Það verður að vera vel dimmt áður en kveikt er. Og í tunglskinu eru ljóskerin ekki notuð. Heldur ekki í alskýjuðu veðri þegar ætti að vera tunglskin.

Fyrst þegar við komum inn í búð fórum við í tóma hringi. Okkur langaði að skoða allt, snerta á öllu. Gunnhildur er enn haldin sótthitakenndri búðarþrá en mér nægir að staðnæmast við Hansens-Magasín eða Hattasölubúðina. Þar get ég staðið tímunum saman og mænt á úrvalið. Í huganum sauma ég kjóla, skyrtur, svuntur, bý til hatta og lítil selskapsveski. Orðið vefnaðarvörverslun hefur fengið svipaðan ljóma og orgelharmóníum hafði áður.

Skólástýran hjálpaði mér að komast í spílatíma. Pápi skrifaði henni bréf sem ég afhenti og dag nokkurn kallaði hún í mig og sagðist hafa fundið góðan kennara. Sagði að sér væri ekki sama hver kenndi stúlkunum sínum. Lagði ríkt á við mig að vera dugleg og samviskusöm. Og muna að koma vel fyrir.

Til að byrja með á ég að fara í frítímanum einu sinni í viku. Kennarinn er frú Agnes Poulsen. Hún er dönsk en skilur íslensku. Ég hneigði mig og þakkaði fyrir en byrjaði strax að kvíða fyrir. (s. 56-57)

3. Hvaða hughrif kallar textabrotið fram án þessara orða? En með þeim?
4. Hvaða ályktun má þá draga af virkni og tilgangi slíkra orða í texta?

## D-hluti

Hvernig skyldu útlönd vera fyrst Reykjavík er svona stór? Hér eru engin kennileiti, bara hús og aftur hús. Gunnhildur er hugfangin og finnst allt skemmtilegt. Um miðjan daginn eigum við frí. Þá linnir hún ekki látum og vill að við séum \_ stanslausum gönguferðum \_\_ bæinn.

Hún drífur mig líka út þegar dimmir því að hún fær aldrei nóg \_\_ því að horfa \_ ljóskerin. Þau standa víðs vegar \_\_ bæinn. Eitt er \_ Bakarabrekkunni og annað \_\_ Skólabrú. Ævintýralega birtu leggur \_\_ olíuluktinni út \_ gegnum glerið. Það verður að vera vel dimmt áður en kveikt er. Og \_ tunglskini eru ljóskerin ekki notuð. Heldur ekki \_ alskýjuðu veðri þegar ætti að vera tunglskin.

Fyrst þegar við komum inn \_ búð fórum við \_ tóma hringi. Okkur langaði að skoða allt, snerta \_ öllu. Gunnhildur er enn haldin sótthitakenndri búðarþrá en mér nægir að staðnæmast \_\_ Hansens-Magasín eða Hattasölubúðina. Þar get ég staðið tímunum saman og mænt \_ úrvalið. \_ huganum sauma ég kjóla, skyrtur, svuntur, bý \_\_ hatta og lítil selskapsveski. Orðið vefnaðarvöruverslun hefur fengið svipaðan ljóma og orgelharmóníum hafði áður.

Skólastýran hjálpaði mér að komast \_ spilatíma. Pápi skrifaði henni bréf sem ég afhenti og dag nokkurn kallaði hún \_ mig og sagðist hafa fundið góðan kennara. Sagði að sér væri ekki sama hver kenndi stúlkunum sínum. Lagði ríkt \_ við mig að vera dugleg og samviskusöm. Og muna að koma vel fyrir.

Til að byrja með á ég að fara \_ frítímanum einu sinni \_ viku. Kennarinn er frú Agnes Poulsen. Hún er dönsk en skilur íslensku. Ég hneigði mig og þakkaði fyrir en byrjaði strax að kvíða fyrir.

1. Hvers konar orð eru það sem vantar í textann?
2. Kemst textinn af án þessara orða?

## Textabrotið óbreytt

Hvernig skyldu útlönd vera fyrst Reykjavík er svona stór? Hér eru engin kennileiti, bara hús og aftur hús. Gunnhildur er hugfangin og finnst allt skemmtilegt. Um miðjan daginn eigum við frí. Þá linnir hún ekki látum og vill að við séum í stanslausum gönguferðum um bæinn.

Hún drífur mig líka út þegar dimmir því að hún fær aldrei nóg af því að horfa á ljóskerin. Þau standa víðs vegar um bæinn. Eitt er í Bakarabrekkunni og annað hjá Skólabrú. Ævintýralega birtu leggur frá olíuluktinni út í gegnum glerið. Það verður að vera vel dimmt áður en kveikt er. Og í tunglskini eru ljóskerin ekki notuð. Heldur ekki í alskýjuðu veðri þegar ætti að vera tunglskin.

Fyrst þegar við komum inn í búð fórum við í tóma hringi. Okkur langaði að skoða allt, snerta á öllu. Gunnhildur er enn haldin sótthitakenndri búðarþrá en mér nægir að staðnæmast við Hansens-Magasín eða Hattasölubúðina. Þar get ég staðið tímunum saman og mænt á úrvalið. Í huganum sauma ég kjóla, skyrtur, svuntur, bý til hatta og lítil selskapsveski. Orðið vefnaðarvöruverslun hefur fengið svipaðan ljóma og orgelharmóníum hafði áður.

Skólastýran hjálpaði mér að komast í spilatíma. Pápi skrifaði henni bréf sem ég afhenti og dag nokkurn kallaði hún í mig og sagðist hafa fundið góðan kennara. Sagði að sér væri ekki sama hver kenndi stúlkunum sínum. Lagði ríkt á við mig að vera dugleg og samviskusöm. Og muna að koma vel fyrir.

Til að byrja með á ég að fara í frítímanum einu sinni í viku. Kennarinn er frú Agnes Poulsen. Hún er dönsk en skilur íslensku. Ég hneigði mig og þakkaði fyrir en byrjaði strax að kvíða fyrir. (s. 56-57)

3. Hvaða hughrif kallar textabrotið fram án þessara orða? En með þeim?
4. Hvaða ályktun má þá draga af virkni og tilgangi slíkra orða í texta?

## Verkefni 4

*Unnið með textann á textasviði, setningasviði og orðasviði*

*Til kennara:*

Eftirfarandi er textabrot úr sögunni sem hægt er að nota til þess að skoða texta á öllum þremur sviðum, textasviði, setningasviði og orðasviði. Samanburður á óbreyttu textabroti úr skáldsögunni og sama broti með breytingum er gagnlegur til þess að átta sig á virkni málfræðieininga og þeim hughrifum sem mismunandi orðanotkun og setningagerð nær fram. Hægt er að leggja verkefnið fyrir eins og það er hér eða útfæra það með öðrum hætti. Hægt væri að fá nemendurna sjálfa til þess að breyta textabrotinu til að ná fram öðrum hughrifum en höfundur hefur gert. Þeir væru síðan beðnir um að rökstyðja breytingarnar og val sitt á setningagerð, orðanotkun og málfræðilegum einingum (sjá Þórunni Blöndal 2010).

Í verkefninu eru nemendur fengnir til að skoða textabrotin tvö og velta fyrir sér muninum. Til aðstoðar hafa þeir punktana sem gefnir eru hér fyrir neðan. Kennari ætti að hvetja nemendur til að koma með sínar skoðanir og jafnframt að leiða umræðurnar áfram með athugasemdum sem honum finnst mikilvægt að komi fram. Hann ætti þó að ítreka fyrir nemendum að túlkun hvers og eins á textanum sé góð og gild og að ekki sé skylda að taka upp túlkun kennarans hafi maður aðra skoðun.

Tilvalið er að skipta nemendum upp í smærri hópa svo allir nái að leggja sitt til málanna. Kennari afhendir svo nemendum textabrotin ásamt umræðupunktum, kemur umræðunum í gang og getur sjálfur gengið á milli hópa, athugað hvernig gengur og hjálpað til ef þörf er á.

*Verkefnið eins og það er lagt fyrir nemendum:*

### Textabrotið óbreytt

Sólin er hátt á himni. Ég er ein og læt mig dreyma. Sit í skjóli, dotta og líður undurvel. Nú vottar fyrir suði. Í fyrstu er það dauft en styrkist og smýgur að lokum inn í draumheiminn. Ýtir við mér, ryðst inn í paradís. Fiskifluga, stór eins og ferlíki. Ég rýk á fætur, skelfingu lostin. Illilegir rabarbaraleggir standa í veginum þegar ég ætla að flýja og flugan á eftir mér. Ekki bara ein heldur margar. Heill systrahópur með græna og bláa vængi sem glampar á í sólskininu. Rek upp skerandi óp:

-Pápi! Pápi minn!

Þá finn ég sterka arma umlykja mig. Mér er lyft upp, snúið í heilan hring í loftinu og svo strýkst rautt skeggið við vangann, mjúkt og hlýtt:

-Ljósa litla, hvað ert þú að gera í kálgarðinum?

Ég hjúfra mig upp að honum, finn hlýjar hendurnar utan um mig. Sigrast á óttanum.

Við sitjum í stofunni sem er troðfull af gestum og pápi spilar á harmóniku. Hlusta á seiðandi lagið og horfi út um litlar glerrúðurnar sem snúa fram á hlaðið. Kann ekki að telja en veit núna að rúðurnar voru níu. Þær eru undurfallegar þegar dauf kvöldbirtan fellur inn um þær. Veit að ég ætla að hafa margar svona rúður í stofunni minni seinna.

-Komdu hérna Ljósa mín og heilsaðu gestunum! Hrópar pápi og hættir að spila eitt augnablik. Kafrjód í vöngum legg ég af stað yfir endalaust stofugólfið. Svo sleppir minningunni. (s. 7-8)

## Umritun á textabrotinu

Sólin var hátt á himni þar sem ég sat ein og lét mig dreyma. Ég sat í skjóli, dottaði og leið undurvel. Skyndilega vottaði fyrir suði, daufu í fyrstu en það styrktist smám saman þar til það smaug inn í draumheiminn, ýtti við mér og ruddist inn í paradís. Þetta reyndist vera fiskifluga, stór eins og ferlíki og ég rauk skelfingu lostin á fætur. Illilegir rabarbaraleggir stóðu í veginum fyrir mér þegar ég ætlaði að flýja með margar flugur á eftir mér. Þetta var heill systrahópur með græna og bláa vængi sem glampaði á í sólskininu og ég rak upp skerandi óp.

-Pápi! Pápi minn!

Þá fann ég sterka arma umlykja mig, mér var lyft upp, snúið í heilan hring í loftinu og svo straukst skeggið við vangann, mjúkt og hlýtt:

-Ljósá litla, hvað ert þú að gera í kálgarðinum?

Ég hjúfraði mig upp að honum, fann hlýjar hendurnar utan um mig og sigraðist á óttanum. Við sátum í stofunni sem var troðfull af gestum og pápi spilaði á harmóniku. Ég hlustaði á seiðandi lagið og horfði út um litlar glerrúðurnar sem snéru fram á hlaðið. Ég kunní ekki að telja en veit núna að rúðurnar voru níu. Þær voru undurfallegar þegar dauf kvöldbirtan féll inn um þær og ég vissi að ég ætlaði að hafa margar svona rúður í stofunni minni seinna.

-Komdu hérna Ljósá mín og heilsaðu gestunum! Hrópaði pápi, hætti að spila augnablik og ég lagði kafrjóð af stað yfir endalaust stofugólfið. Svo sleppir minningunni.

### Umræðupunktur:

- Hvaða áhrif hefur lengd málsgreinanna á textann?
- Hvaða áhrif hefur það hvort textinn er í nútíð eða þátíð?
- Hvað er hægt að segja um orðavalið í textabrotinu?
- Hvaða hughrifum er líklegt að höfundur vilji ná fram hjá lesendum í óbreytta textabrotinu?
- Nær umritunin fram sömu áhrifum og upprunalega brotið?
- Ef ekki, hvaða áhrifum nær umritunin fram? Hvað veldur muninum?
- Hvern er Ljósá að ávarpa í upprunalega brotinu? En í umrituninni? Hvað veldur muninum?

**Markmið:** Að skoða og ræða hvernig höfundar ná fram ákveðnum áhrifum í texta og hvernig þeir kalla fram tilætluð hughrif hjá lesendum með stíl, orðavali og setningagerð. Nemendur nýta þau verkfæri sem þeir hafa tileinkað sér innan málfræðinnar til að útskýra hvaða hughrif textinn vekur hjá þeim.

## Verkefni 5

### *Bygging*

*Til kennara:*

Sögunni má skipta gróflega í þrjú tímabil. Hið fyrsta eru æskuár Ljósu á heimili foreldranna (s. 7-51), annað er Reykjavíkurdvölin og námið í Kvennaskólanum (s. 52-75) og þriðja er hjónaband, barneignir og veikindi. Síðasta tímabilið er það lengsta og yfirgripsmesta í sögunni. Veikindi Ljósu eru væg í upphafi og stigmagnast er árin líða og líður á söguna. Það má auðveldlega skilgreina fjórða tímabilið sem eru árin eftir Kvennaskólann þegar Ljósa flytur aftur austur og upphaf hjónabandsins (s. 76-107) en þetta er mikilvægur aðdragandi að því sem á eftir kemur og er þessu því spýrt saman í eitt tímabil hér (s. 76-240).

Upphafskafli og lokakafli sögunnar eru eins. Þessir kaflar eru frásagnir í þriðju persónu þar sem horft er á persónur utan frá. Persónur eru ekki nafngreindar og það er ekki horft inn í huga þeirra, þetta eru bara *hún* og *hann*. Kaflinn hefur gjörólíka merkingu fyrir lesanda í lokin þegar hann þekkir söguna og greinir þarna skýrar persónur. Í upphafi er þessi kafli opinn til mikillar túlkunar, en þar birtist ártalið 1938 sem gefur hugmynd um ytri tíma sögunnar.

Að öðru leyti er sagan í réttri tímaröð og sögumaðurinn er Ljósa sjálf. Sagan er að mestu í nútíð, þetta er ekki sögumaður sem lítur um öxl heldur upplifir sögumaður atburði um leið og lesandinn les um þá. Við upphaf sögu lítur Ljósa þó tilbaka, áður en hún byrjar að segja frá en strax í kjölfar þessa endurlits færist frásögnin yfir í nútíð:

Ég var ekki há í loftinu þegar hann gerði fyrst vart við sig. Fuglinn sem átti eftir að verða órjúfanlegur hluti af lífi mínu.

Hann þandi vængina, söng og fyllti á mér brjostið. Ég hélt hann ætti að vera þannig, óraði ekki fyrir neinu. Af hverju fór hann að þrengja sér upp um hálsinn á mér? Reyna að kæfa mig. Varna mér svefns um nætur. Leggjast ofan á mig og kremja. Rugla tilveruna og mig sjálfa. Ég fann ekkert svar en vordagarnir voru sólríkir og fuglinn á viðstöðulausu flugi. (s. 7)

Á milli hluta sögunnar er oft stokkið yfir nokkur ár í innri tíma sögunnar. Hvert tímabil í sögunni helst í hendur við nýtt sögusvið. Í upphafi er það í foreldrahúsum, svo í Kvennaskólanum í Reykjavík og loks á nýju heimili foreldra Ljósu fyrir austan (höllin ískalda). Síðast er það heimili Ljósu og Vigfúsar, með viðkomu í Reykjavík þegar Ljósa leitar sér lækninga þar. Í síðasta hluta sögunnar er mest flakk á milli staða en þar er einnig margt óljóst, í samræmi við óreiðuástandið í huga Ljósu.

Umhverfi, bæði húsakynni og umhverfið utandyra, skipa stórt rúm í sögunni og verða mikilvæg í sviðsetningu hennar og vert er að fjalla um það í umfjöllun um byggingu sögunnar. Ljósa er alla tíð upptekin af umhverfi sínu og eigin líðan í því. Henni líður langbest í foreldrahúsum á æskuslóðunum. Hún vill gamla bæinn og sitt gamla umhverfi og þráir það hvert sem hún fer. Í Kvennaskólanum sefur Ljósa í herbergi undir súð og finnst hún innilokuð. Þessi innilokunarkennd margfaldast þegar hún er lokuð inni í krónni (darakistunni) í veikindum sínum. Á heimili þeirra Vigfúsar líður Ljósu aldrei sérlega vel enda vildi hún ekki flytja þangað og fannst það hálfgerð svik við sig þar sem Vigfús hafði lofað að þau byggju hjá foreldrum hennar. Á æskuheimilinu er allt kunnuglegt, eins og fjallasýnin sem er Ljósu hugleikin. Fjöllin mynda eins konar ramma utan um sögusviðið á mismunandi stöðum sögunnar. Fjöllin í Reykjavík eru lágrest og fjarlæg, og Ljósa upplifir ekki sama öryggi og felst í fjöllunum hennar fyrir austan:

Hér er enginn jökull, engir sandar, ekkert til þess að láta augun dvelja við. Ég reyni að horfa á Esjuna, gera hana að fjallinu mínu, en hún er of langt undan og norðannæðingurinn stendur beint af henni. Enn sem komið er höfum við ekki náð saman. (s. 52)

Ljósa er þroskasaga þar sem hún fylgir aðalpersónunni og sögumanninum frá æskuárum til fullorðinsára. *Ljósa* fellur vel að skilgreiningum þroskasögunnar sem lýsir „þroskabraut söguhetjunnar frá æsku og óstýrilæti til fullrar sjálfsvitundar og aðlögunar að ytri veruleika; sú braut er mörkuð ólíkum félagslegum og sálrænum áhrifaþáttum og stundum lýkur baráttu hetjunnar við sjálfa sig og umheiminn með fullum ósigri hennar.“ (*Hugtök og heiti í bókmenntafræði* 1989:310). Ljósu tekst ekki að aðlaga sig ytri veruleika og veikindin sigra að lokum. Hér er vert að minnast á fuglinn sem sögumaðurinn Ljósa talar um við upphaf sögu og hvað hann stendur fyrir:

Hann þandi vængina, söng og fyllti á mér brjostið. Ég hélt hann ætti að vera þannig, óraði ekki fyrir neinu. Af hverju fór hann að þrengja sér upp um hálsinn á mér? Reyna að kæfa mig. Varna mér svefnis um nætur. Leggjast ofan á mig og kremja. Rugla tilveruna og mig sjálfa. (s. 7)

Í kjölfar kynningar á byggingu sögunnar er hægt að leggja fyrir eftirfarandi verkefni. Nemendum er skipt í fjóra hópa. Hver hópur er ábyrgur fyrir einu eða fleiri efnum sem tengjast byggingu sögunnar. Nemendur ræða efnið sín á milli og skrásetja svo niðurstöður í skjal sem gert er aðgengilegt fyrir alla hópana þegar það er tilbúið. Einnig er hægt að biðja hópa að kynna niðurstöður sínar fyrir hinum.

*Verkefnið eins og það er lagt fyrir nemendum:*

Efni	Niðurstöður
1. Fjallið um ytri og innri tíma sögunnar. Leitid vísbendinga í textanum til að staðsetja söguna í tíma (ytri tími) og gerið grein fyrir innri tíma sögunnar.	
2. Fjallið um muninn á að segja sögu í nútíð og þátíð. Finnið dæmi um bæði í sögunni.	
3. Fjallið um söguviðið og það sem ramar söguna inn. Skoðið lýsingar á umhverfinu og þátt þess í frásögninni.	
4. Á hvaða hátt er <i>Ljósa</i> þroskasaga? Lýsið Ljósu á ólíkum tímum: í æsku, á unglingsárum, þegar hún er fullorðin og í veikindunum.	

**Markmið:** Að nemendur þjálfist í að nota hin ýmsu bókmenntafræðihugtök til að lýsa byggingu sögunnar, átti sig á ytri og innri tíma og áhrifum byggingar sögunnar á frásögn og söguþráð.

## Verkefni 6

### *Sjónarborn*

*Til kennara:*

Sagan er sögð út frá sjónarhorni Ljósu og við kynnumst öðrum persónum í gegnum hennar sýn á þær. Vigfúsi er lýst sem frekar leiðinlegum og þurrum á manninn en það er Ljósa sem sýnir hann þannig. Í seinni hluta sögunnar sjáum við aðeins inn í hug Katrínar, dóttur Ljósu og hennar sjónarhorn fær meira rými í sögunni eftir því sem Ljósa verður veikari.

Vert er að beina sjónum nemenda að sjónarhorni í sögunni, sögumanni og áreiðanleika hans. Notast er við fyrstu persónu frásögn til að lýsa sjónarhorni Ljósu og þegar hún er sögumaður sjá lesendur aðeins inn í hug hennar. Öðrum persónum er lýst utan frá. Þegar sagan er sögð frá sjónarhorni Katrínar er notast við frásögn í annari persónu sem er nokkuð óvenjulegt í bókmenntatextum. Sjónarhorn Katrínar er skýrt afmarkað með skáletrun í textanum. Katrín sýnir lesendum aðrar hliðar á veikindum Ljósu, á Vigfúsi og heimilislífínu. Lesandi kemst að því hve veik og ringluð Ljósa verður og hve óáreiðanlegur sögumaður hún verður er líður á söguna. Undir lokin verða frásagnir Ljósu í fyrstu persónu æ styttri og ruglingslegri, í samræmi við ástand hennar sjálfrar. Hugtök sem hér þarf að taka til athugunar eru *sögumaður*, ýmiss konar *sjónarborn* og *vitundarmiðja*.

*Verkefnið eins og það er lagt fyrir nemendum:*

Endurskrifið eftirfarandi textabrot út frá sjónarhorni annarrar persónu en Ljósu. Form textans getur verið sambærileg frásögn í fyrstu persónu, dagbókarfærsla, bréf, samtal á milli persóna eða stuttur leikþáttur þar sem sjónarhorn annarrar persónu er sýnt.

Endurskrifið frá sjónarhorni Þorgerðar:

Ég reyni að komast upp á hest en Vigfús nær mér. Spyr hvort ég ætli ógreidd af bæ. Það hrífur. Ég má ekki til þess hugsa að ríða út illa til fara. Stundum leyfi ég honum að leiða mig alla leið upp á loft.

En oft er líka frekja í Vigfúsi. Þá vil ég ekki að hann komi nálægt mér. Um daginn þreif hann í mig og ætlaði að koma mér inn. Það var rigning og ég var víst berfætt úti á hlaði, hafði bara ekkert tekið eftir því. Þá sneri ég mig af honum með því að bíta hann í handlegginn. Hann hljóðaði af sársauka og slepti. Þorgerður kom aðvífandi. Hún laumaði hendinni í lófa mér og við leiddumst inn.

Á eftir sat hún lengi á rúmstokknum. Hún minnti mig á að það væru bara hundar sem bitu. Eins og ég viti það ekki? Það eru dregnar tennurnar úr þeim sem bíta. Ég sagðist heldur ekkert hafa bitið fast, bara rétt glefsað í hann. Svo bað ég hana um að rétta mér greiðu og spegil og setti hárið í reglulega fallegan hnút uppi á höfðinu. Það er ennþá mógult og lítið sem ekkert farið að grána en sorglegt að sjá hann Vigfús. Samt er hann yngri en ég. (s. 199-200)

Endurskrifið frá sjónarhorni Vigfúsar:

- Ljósa mín, ertu ekki orðin alveg róleg núna? heyri ég Vigfús spyrja. Ég er með augun lokuð, heyri hann setjast niður og koma sér fyrir. Veit hvar hann situr og hvernig hann situr.

- Viltu rísa upp og borða?

Ég svara engu, hreyfi mig ekki.

-Sestu nú upp, góða mín, þetta er kjötið þitt. Þú hafðir svo mikið fyrir því að ná í það. Borðuðu nú.



Hvaða tónn er þetta? Er hann að brigsla mér um eitthvað? Nú verð ég vör við að hann opnar örllitla lúgu á hliðinni sem veit að honum. Litla lúgu út í frelsið.

Ég brölti á fætur og horfi á Vigfús þar sem hann situr. Hvernig gat mér dottið til hugar að giftast honum? Grunaði ekki að hann myndi loka mig inni.

Horfi á diskinn og hvernig hann réttir matinn inn um lúguna. Litlu lúguna sem hann smíðaði svo haganlega. Listasmiðurinn. Finn heiftina heltaka mig og lem eins fast og ég get út í gegnum lúguna. Slæ diskinn úr höndunum á honum. Sé kjöt og kartöflur fljúga yfir hann. Heyri hann bölvva. Leggst niður og sný í hann baki.

Svo byrja ég að syngja, fyrst lágum rómi en styrkist eftir því sem ég syng lengur:

Mér himneskt ljós í hjarta skín,  
í hvert sinn er ég græt,  
því Drottinn telur tárin mín –  
ég trúí? og huggast læt.

Held áfram að syngja þar til ég dett út af. Vakna aftur í svartamyrkri og syng fullum hálsi. Vigfús hrópar eitthvað en ég heyri ekki í honum fyrir suði í höfðinu og söngnum í sjálfri mér. Syng og sef á víxl. Kenni ekki mun dags og nætur. (s. 209-210)

**Markmið:** Að nemendur læri að greina ólíkar tegundir sjónarhorns í bókmenntatexta og átti sig á að sögumaður er ekki alltaf áreiðanlegur. Um leið þjálfast nemendur í skapandi skrifum, auk þess að lesa afstöðu annarra persóna á milli línanna í frásögninni.

## Verkefni 7

### Bréfaserif

*Til kennara:*

Sendibréf spila nokkuð stórt hlutverk í *Ljósu*. Bréf verða einu tengslin við horfin systkini, bréf færa fréttir milli landshluta og Ljósa fær bréf frá Sveini sem breytir lífi hennar og er veldur ástarsorginni. Hér er áhugavert að láta nemendur lesa raunverulegt sendibréf skrifað á sögútímanum og fá þá svo til að spreyta sig á að skrifa sendibréfin sem fjallað er um í bókinni.

*Verkefnið eins og það er lagt fyrir nemendum:*

Ljósa og samtímamenn hennar á fyrri hluta 20. aldar höfðu ekki mörg ráð til þess að hafa samband við ættingja í öðrum landshlutum eða löndum. Ein leiðin var að skrifa sendibréf og í *Ljósu* spila slík bréf allstórt hlutverk í sögunni þrátt fyrir að engin bréf birtist þar. Sendibréf þessa tíma voru nokkuð ólík þeim bréfum sem við sendum á milli okkar í dag, eins og t.d. tölvupóstum og fésbókarskilaboðum. Menn voru oft langan tíma, nokkra mánuði jafnvel, með sama bréfið í vinnslu og bættu í það upplýsingum og frásögnum áður en það var sent. Sendibréfin voru oft mjög persónuleg þar sem fólk kafaði ofan í tilfinningar sínar og sagði frá þeim ásamt því að flétta saman við frásagnir af hversdagslífinu.

Eftirfarandi er bréf sem Kristbjörg nokkur Jónsdóttir skrifaði til frænda síns í Kanada þann 20. nóvember 1910. Lesið bréfið og veltið því fyrir ykkur hvað er líkt og hvað er ólíkt þeim bréfum eða skilaboðum sem við myndum senda frænda okkar í útlöndum í dag. Hafið í huga að Kristbjörg átti væntanlega ekki tippex eða strokleður og þess vegna geta skrif hennar vírst okkur nokkuð óskipulögð þar sem hver stafur sem á annað borð hafði verið settur niður á blað hefur þurft að fá að standa.

*Dagverðagerði, 20 nóvember 1910*

*Kæri frændi minn!!*

Mínar innilegustu þakkir er þetta blað færa þér fyrir nýlega meðtekið gott bréf frá þér. Og einnig þakka ég alla fyrirhöfnina með að hafa upp á systrum Vilborgar. Gróa skrifaði mér og sendi 35 dollara frá báðum nóg um það. Ég man ekki um hvert leiti ég skrifað þér í vor, líklega ekki þessum glóðheitu vandræðum. Ég ætla því ekki að endurtaka þessi hörmungu tjón síðan var allatíð stríð framan af enn á endanum verið gott gras ágæt tíð í september-október.

Mundu að brenna og skrifa aftur bráðum. Þeirra sem að þrái að fréttu af ykkur og er kom sama...*(ólasilegt)*

Svo heyskapur var í meðallagi en menn lóguðu voðalega í haust. Það kom maður frá Belgíu og breytti prísinn svo það var viðkunnanlega. Hann gaf 18-20 fyrir stikkið, og borgaði út í hönd. Það lá við að það færi góður bit í hundskjaf "í var þar sem frænka þín var" en það raknaði furðanlega fram úr því. Ég hafði ekki nema Eika minn í sumar og engar fráfarur eina vinnukona og Fríður. Svo var Vilborg hér en ég fékk eitthvað með henni. Ég tók kaupmann til að hjálpa hinum úr túninu svo heyjaði hann alvel nú hef ég á heyjum nálega hundrað kindur, 3 kýr, 3 hestar...

...minnkaði töluvert skuldír í haust og liður því þolanlega hef tvö húsmennskur svo það er fullur bærinn af fólki samt. Eika minn er á Eíðum í vetur, en Hallur Einarsson er hér í vetur, og hér með mér og líkar mér vel við hann svo er víst búið mitt ævintýri. Og ætla ég nú að reyna að svara einhverju af þínum spurningum. Þú segir að það hafði verið skrifað vestur að það sjóði á fólki á Vopnafirði ég hef ekki heyrt það, en það getur verið fyrir því. Það var á tímabili að mér fannst flestar bjargir bannaðar. Þú spyrd um Sólveigu.

*Skrifað á blöðinni:* Ég vona að þú látir mig ekki gjalda minnar heimsku heldur skrifi mér þó þetta bréf sé ómerkilegt.

Hún er komin til nöfnu sinnar að Gróarseli og átti víst engar kind sem fór með Stefáns fé. Eiríkur Hjörleifsson átti 10 kindur. Þau voru nýkomin til hans, foreldrar hans og hann. Ég veit nú varla vel um ástæður Stefáans, en hann er ósköpin öll skuldugur. Hann á eftir 100 ær með lömbum í vor og það lifði á þeim öllum því féð var vænt hjá honum og var víst eitthvað tvílembd. Svo tók nálægar sveitin dálitið þátt í því. Svo tók nálægar sveitin dálitið þátt í því. Jökuldalur og Fljótsdalur gáfu Elíasi, en Fell og Tunga Stefá í haust. Ekki veit ég hvað þau hafa fengið mikið upp í skaðann.

Þar næst spyr þú um Nínu frænku. Henni líður vel, minnsta kosti sést ekki annað eða heyrst þegar maður kemur til hennar. Hún hefur alla tíð farþénustu og kennir stúlkum. Hún á fjóra drengi, Jón og Eyþór, Eirík og Helga. Eika minn hefur nafna sinn, Helga systur hennar er gift Sigurvini bókhaldara hjá Sigurði í Framtíð. Svo spyr þú hver verður prestur okkar. Ég vona að það verði séra Einar minn. Hann flutti að vísu í sumar snemma í ágúst með fólk sitt og eitthvað af fjármunum en hann þjónar hér og er hér eins mikið og er haldið að hann kunn illa við sig í neðra en lítið talar hann um það. Þau er bæði í efra núna, því séra Jakob var veikur og liggur nú á líkbörum. En kona hans er meðvitundarlaus, búin að vera það allt þetta ár í einhverju móki en ekki með þjáningum. En þvagteppa varð til að gjöra enda á líf séra Jakobs. Vigfús kom heim í sumar útlærður lögfræðingur, svo fóru þau öll suð í haust. Vigfús átti von á einhverri atvinnu og Jakob fór í fjórða bekk í Latínuskóla, en Sigurður í kennaraskóla. Seinni vetur (hans) þar...

...og Ingibjörg Halldórsdóttir í verslunarskóla. Hún er gáfuð og hagnæm, svo það er nú ekki nema Ingigerður heima hjá foreldrum sínum í vetur. Aldrei hef ég heyrt eitthvað um það að séra Einar hafi farið um fyrir þínar aðgjörðir. Ég vissi það frá því að hann var ábyrgðarmaður fyrir einhverju, en ég held að pötnunarfélagið hafi kvarið hann mest af öllu, og riðið honum að fullu, en það hefur ófarið augnabliksýnsýn hans sækja um Borgarfjörð sem hann alla tíð iðraðist yfir og dregur engar dulur á þegar hann heilsar upp á. Þá af staðnum er sagt að hann hafi lýst því yfir að það væri það mesta nauðungaspor sem hann hefði stigið á ævinni og heyrt hef ég sagt að þær mæðgur hafa aldrei farið þar í kirkju. Það (?) smíð Desjarmýri þeir hrúguðu upp 9 álna langri og 5 ál nabreiðri þrep baðstofu handa þeim.

Ég held helst að það hafi orðið lítið úr öllum fögru lofördum þeirra þegar þeir voru að túlka hann til sín. Ég held að það fari svo að þau fái að sjá með í spretta og ranga beiðið á Ásgrími minnsta kosti varð séra Jakob svo gamall að þekkja það!!

Jæja nú er nóg sagt um náungan.

*Skrifað á blíðinni:* Segðu mér allt sem þú veist um Helgu frá Rangá - hvað er hún að gera vestur við haf.

Þú ert að spyrja frá Gerði. Þau líður allvel þar er nú farið að fækka um heimasælu og náttúrulega minka um gestagang umleik. Það er nú ekki heima nema Guðlaug. Anna býr á Seyðisfirði með Jóni Jónssyni og Kata er hjá henni í vetur og gengur á verkstæði.

Gunna býr á Ósi í Hjaltastadþinghá með Guðna syninum en Þórey býr á horni úr Sléðbrjót með sínum Skagfirska manni. Hún er langt fátækust af þeim og heilsulítill en allar álita að hún hafi verið þeirra gáfuðust og eru þær þó allar prýðilega gefnar eins og þú manst. Sigmundur er ósköp farin að halda sér til baka. Það náttúrulega gengur nú heldur af honum og þau eru bæði lasin oft og rétt aldrei í neinu ferðalagi, og ég fer ekki til að finna þau nema svona einu sinni á ári. Ég ferðast mjög lítið nema til kirkju og þó er það nú alla tíð að strjálást. Seint í sumar kom hér einn gestur sem ég hefði gaman af. Það var Borghildur ekkja Páls Ólafssonar. Hún var hjá mér nótt, svo for ég með henni upp á Hallormsstað og skemmti mér ágætlega með henni. Ég er hreint hissa hvað hún heldur sér. Hún er hjá Helga Sveinssyni og Möggu systir hans...

...og sagði sér líða mjög vel hjá þeim. Begga er allatíð út í Kaupmannahöfn og Bjössu í lagaskóla. Hún sagðist ekki mundi lifa það að komast í hornið til þeirra þó hún allatíð þráði það. Helst fannst mér að hún óska að B. fengi embætti á austurlandi því þar eru hennar kærustu endurminningar. Það voru nógu gaman fyrir þig að skipta bréfum við Ragnhildi. Hún gæti kannski sagt þér eitthvað kjarnmeira en ég hef tak á. Hún fylgist vel með í öllum landsmálum og þú þekkir nú sálina að ekki verður henni orðskortur. Ég hef svo fjarska gaman að finna hana ég hef ekki skemmt mér eins vel í mörg ár. Hún var líka svo innilega alúðleg, blessuð manneskjan. Nú er ég víst þrotin á efni og þá man ég að nýkomin er lækni

Óskar Ólafur Lárusson Pálssonar hómópata, hann legir á Eiðum og kennir skólapiltum heilsufræði. Hann er lítið reyndur en þó það er sagður viðfeldinn maður. Þá er nú víst allt til tínt sem ég get ímynda mér að þig fysi að heyra.

Berðu kveðja mína öllum sem mig þekkja þarna í kringum þig. Þá líklega helst Ólafi og Jóhannesi. Segðu mér fréttir af Stefáni syni Eiríks Hallssonar. Vertu svo með konu og börnum Guði falin af þinni frænku –

*Kristbjörg Jónsdóttir*

Þitt verkefni er að skrifa eitt af sendibréfunum sem nefnd eru í bókinni en sjást aldrei skrifuð:

- Bls. 28: Bréf og póstkort frá Inga í útlöndum.
- Bls. 29: Bréf frá Ninnu systur Ljósu.
- Bls. 31: Bréf frá Þórarni til Halldóru móður hans.
- Bls. 59: Ljósa skrifar Sveini.
- Bls. 64: Ljósa fær bréf.
- Bls 66: Bréfið frá Sveini og bréf sem hann sendi Ljósu en hún fékk aldrei.
- Bls. 67: Svarbréf Ljósu til Sveins sem hún sendir ekki.
- Bls. 92: Bréf frá Gunnhildi.

Hugaðu að eftirfarandi atriðum við ritun bréfsins:

- að skrifa samkvæmt réttri textategund
- hver það er sem skrifar
- hver á að fá bréfið
- að skrifa samkvæmt viðeigandi tíðaranda
- að vanda til verka því þú átt auðvitað hvorki tippex né strokleður til að leiðrétta mistök

**Markmið:** Hér eru nemendur þjálfaðir í ritun sendibréfa. Þeir þurfa að huga að viðeigandi textategund og málsniði. Nemendur þjálfast auk þess í að lesa texta frá öðrum tíma og skoða 19. aldar málfar og stafsetningu. Nemendur setja sig í spor sögupersónu, túlka hug hennar og semja texta frá eigin brjósti.

## Verkefni 8

### *Gedveikin*

*Til kennara:*

Hér kynna nemendur sér aðbúnað geðsjúkra á árum áður á Íslandi og fjalla um veikindi Ljósu og úrræði í boði þá og nú. Hér er tilvalið að skipta nemendum í hópa. Þá er hægt að leyfa hópunum að kynna niðurstöður sinnar vinnu fyrir bekknum í lok tímans og þannig nýtist vinna hvers hóps öllum bekknum.

*Verkefnið eins og það er lagt fyrir nemendur:*

### Hópur A: Hugsýki Ljósu

Ég var ekki há í loftinu þegar hann gerði fyrst vart við sig. Fuglinn sem átti eftir að verða órjúfanlegur hluti af lífi mínu. Hann þandi vængina, söng og fyllti á mér brjóstið. Af hverju fór hann að þrengja sér upp um hálsinn á mér? (s. 7)

Svona lýsir Ljósá m.a. líðan sinni og kvíðanum sem fer stigvaxandi í gegnum söguna. Ykkar verkefni er að reifa enn frekar það hlutverk sem „fuglinn“ hefur í lífi Ljósu. Hafið eftirfarandi atriði í huga:

- Hvenær fer hugsýki Ljósu að gera vart við sig?
- Hvaða atvik í lífi hennar virðast hafa dregið hana sem mest niður?
- Við hvaða aðstæður líður Ljósu best? En verst?
- Nefnið dæmi úr sögunni þegar Ljósá er upp á sitt besta.
- Finnið dæmi þar sem hún tekur eitt af „köstunum“.

### Hópur B: Aðbúnaður og úrræði fyrr á tímum

Á fyrri hluta 20. aldar, þeim tíma sem Ljósá var uppi á, höfðu læknávisindin ekki náð jafnlangt þegar kemur að umönnun þeirra sem þjást af geðsjúkdómum og þau hafa nú gert. Fjölskylda Ljósu þurfti að mestu leyti að finna út úr því sjálf hvernig best væri að annast hana án þess að hún ynni sjálfri sér eða öðrum mein. Aðfarirnar geta virst okkur lesendunum harkalegar en vert er að spyrja sig hvort fólkíð hafði í raun einhver önnur úrræði? Ykkar verkefni er eftirfarandi:

- Kynnið ykkur heimildir um aðbúnað fólks með geðsjúkdóma á fyrri hluta 20. aldar.
- Hvaða úrræði voru í boði þá fyrir þá veiku?
- Hvernig voru aðstæður Ljósu miðað við samtímamenn hennar sem þjádust af geðsjúkdómum? Var munur á því að búa í borg eða sveit?
- Hvað hafið þið að segja um þau úrræði og þann aðbúnað sem fólk með geðsjúkdóma bjó við á fyrri hluta 20. aldar?

### Hópur C: Aðbúnaður og úrræði nú á dögum

Hefði Ljósa verið uppi á okkar dögum hefði hún vonandi getað fengið einhverja lausn sinna mála. Börnin hennar hefðu þá ekki þurft að lifa við það að mamma þeirra væri kölluð brjálæðingur, tæki fyrirvaralaus köst og styngi af upp úr þurru. Ljósa hefði fengið hjálp við að vinna úr kvíðanum og ofsóknaræðinu sem hrjáði hana og hefði e.t.v. getað lifað eðlilegu lífi með fjölskyldu sinni. Ykkar verkefni er eftirfarandi:

- Að reifa helstu einkenni sjúkdóms Ljósu.
- Kynnið ykkur úrræði í dag fyrir fólk með svipaða geðsjúkdóma og Ljósa var með.
- Hvernig hefði líf Ljósu verið öðruvísi ef hún hefði fæðst 100 árum síðar?

**Markmið:** Að nemendur velti fyrir sér og rannsaki aðbúnað fólks með geðsjúkdóma á sögutíma og setji veikindi Ljósu í samhengi við hann. Að nemendur skoði hvað hafi breyst í sögu geðsjúkra og úrræða þeirra í gegnum tíðina.

## Verkefni 9

### *Sögutíminn*

*Til kennara:*

Hér vinna nemendur saman í pörum og velja þemu sem tengjast sögutíma *Ljósu*. Nemendur leita upplýsinga og heimilda úr bókum, tímaritum, af internetinu, úr öðrum skáldsögum, kvikmyndum, heimildarmyndum og öðru sem við á og undirbúa kynningu á formi sem nemendur velja sjálfir og flytja í kennslustund.

Í boði er að skila verkefninu á fjölbreyttan hátt. Mögulegir skilamátar eru gefnir upp hér fyrir neðan en hafi nemendur aðrar hugmyndir eru þeir hvattir til að bera þær undir kennara. Nemendur og kennarar komast síðan að samkomulagi um umfang verkefnis og vægi þess í lokaeinkunn eftir því hvernig nemendur ákveða að vinna með efnið.

*Verkefnið eins og það er lagt fyrir nemendur:*

Vinnið tvö saman. Veljið þema tengt sögutíma *Ljósu* sem þið vinnið verkefnið um. Möguleg þemu eru gefin upp en ef þið hafið fleiri hugmyndir má bera þær undir kennara. Kynnið ykkur viðfangsefnið til hlítar með því að afla ykkur heimilda úr bókum, tímaritum, af internetinu, úr öðrum skáldsögum, kvikmyndum, heimildarmyndum og öðru sem við á. Gætið þess að vísa í heimildirnar á viðeigandi hátt. Auk heimilda skulið þið vísa í texta sögunnar máli ykkar til stuðnings.

Möguleg viðfangsefni:

- Lífið í sveitinni á tímum *Ljósu*.
- Bæjarlífið í Reykjavík.
- Klæðaburður og hártíski.
- Menningarlíf í sveit og bæ: tónlist, högglist, leikhúslíf, dansleikir.
- Húsakostur í sveit og borg.
- Ferðalög milli landa og landshluta á tímum *Ljósu*.
- Kvennaskólinn og námið þar á tímum *Ljósu*.
- Lærði skólinn og námið þar á tímum *Ljósu*.
- Matur og matargerð.
- Málfar og tungumál á tímum *Ljósu*.

Hugmyndir að verkefnaskilum:

- Fyrirlestur með glærum
- Heimasíðugerð
- Ritgerð
- Myndskreyting við texta
- Leikræn tjáning
- Viðtal við einhvern fróðan um efnið
- Heimildarmyndband
- Umræðutími skipulagður
- Veggspjald

**Markmið:** Að nemendur kynnist menningu annars tíma út frá bókmenntatexta og þjálfist í sjálfstæðri upplýsingaleit og rannsóknarvinnu um ákveðið efni. Að nemendur fái tækifæri til að velja sér viðfangsefni og að miðla þeim upplýsingum sem þeir afla sér á fjölbreyttan hátt.

## Verkefni 10

### Vettvangsdagur

*Til kennara:*

Hér er nemendum skipt upp í þrjá hópa. Hver hópur kynnir sér eitt af þremur sögusviðum *Ljósu* með því að fara á stað sem endurspeglar hvern stað. Í vettvangsferðinni taka nemendur myndir og/eða myndbönd og skrá hjá sér það sem fyrir augu ber sem tengist sögusviði *Ljósu*.

*Verkefnið eins og það er lagt fyrir nemendur:*

#### Hópur A: Ljósa í sveitinni

Ljósa er fædd og uppalin í torfbæ á Suðausturlandi, umkringd fjöllum og jökulám, og ver stærstum hluta ævi sinnar þar í sveitinni. Torfbær, moldargólf og köld timburhús eru stór hluti af lífi Ljósu en það er húsakostur sem er okkur lesendum afar framandi. Ykkar verkefni er að fara í vettvangsferð á Árbæjarsafn og kynna ykkur sambærileg hímýli og Ljósa bjó í mestallt sitt líf.

- Skoðið vel og takið myndir af torfbæ.
- Skoðið vel og takið myndir af timburhúsi sambærilegu „höllinni“ sem foreldrar Ljósu bjuggu í.
- Athugið vel alls kyns innanstokksmuni sem eiga við sögutíma Ljósu. Finnið þið saumavél áþekka hennar? Jafnvel þrjónavél líka?
- Finnið þið eitthvað annað sem ykkur finnst eiga við? Takið myndir!
- Skrifid hjá ykkur athugasemdir um allt sem þið myndið og sjáið.

Að vettvangsferðinni lokinni skuluð þið vinna kynningu úr gögnunum ykkar. Kynninguna flytjið þið svo fyrir samnemendur ykkar.

#### Hópur B: Ljósa í Kvennaskólanum

Ljósa og Gunnhildur systir hennar fara saman í Kvennaskólann þar sem þær læra ýmsar listir sem þótti við hæfi að konur kynnu á þessum tíma. Í dag hýsir Kvennaskólinn hefðbundinn framhaldsskóla þar sem stúlkur jafnt og drengir stunda nám á bóknámsbrautum en handavinnan er víst horfin úr námskránni. Hússtjórnarskólinn í Reykjavík við Sólvallagötu er skóli þar sem enn eru kenndar hinar hefðbundnu kvennaskólagreinar. Ykkar verkefni er að fara í vettvangsferð þangað:

- Takið viðtöl við kennara skólans þar sem þið spyrjið út í kennslu í kvennaskólum fyrri tíma.
- Fáid að skoða gamla handavinnu sem skólinn geymir, takið myndir.
- Frædist um þær greinar sem Ljósa og skólasystur hennar námu.
- Verið dugleg að spyrja og taka myndir af því sem vekur áhuga ykkar og tengist sögusviði Ljósu.

Að vettvangsferðinni lokinni skuluð þið vinna kynningu úr gögnunum ykkar. Kynninguna flytjið þið svo fyrir samnemendur ykkar.



### Hópur C: Ljósa í Reykjavík

Þegar Ljósa og Gunnhildur systir hennar gengu í Kvennaskólann þjuggu þær í miðbæ Reykjavíkur. Þær þjuggu í risherbergi í skólanum, röltu um stræti borgarinnar í frítíma sínum og fóru á dansleik í Íðnaðarmannafélagshúsinu við Tjörnina. Ljósa fór í spilatíma til frú Poulsen í Þingholtunum, heimsótti styttuna af Bertel Thorvaldsen, fór á tónleika og skoðaði í búðarglugga. Ykkar verkefni er að fara í vettvangsferð í miðbæ Reykjavíkur:

- Heimsækið þá staði í miðbænum sem nefndir eru í Ljósu.
- Takið myndir og punktið hjá ykkur hvað hefur breyst frá tímum Ljósu.
- Kynnið ykkur sögu staðanna sem þið skoðið.
- Verið dugleg að spyrja og taka myndir af því sem vekur áhuga ykkar og tengist sögusviði Ljósu.

Að vettvangsferðinni lokinni skuluð þið vinna kynningu úr gögnunum ykkar. Kynninguna flytjið þið svo fyrir samnemendur ykkar.

**Markmið:** Að gera sögusvið *Ljósu* ápreifanlegra með vettvangsferðum. Að nemendur komist út úr kennslustofunni og tengist sögunni á annan hátt en í gegnum skriftir og samræður.

# Verkefni 11

## Ritdómar og gagnrýni

*Til kennara:*

Hér er gert ráð fyrir að allir hafi lokið við að lesa skáldsöguna. Verkefnið krefst þess að nemendum sé skipt upp í fjóra hópa þar sem hver hópur ber ábyrgð á að finna ritdóma og gagnrýni um *Ljósu* í ólíkum fjölmiðlum. Auðvelt er að finna ritdóma með hjálp internetsins og leitarvéla. Kennari hvetur nemendur til þess að vera gagnrýnir á valið og velja ekki endilega að fjalla um það fyrsta sem kemur upp við leitina. Í lok tímans getur hver hópur kynnt sína vinnu fyrir bekknum og þannig fá allir nemendur að kynnst öllum tegundum ritdóma og sú vinna sem nemendur hafa lagt í verkefnið gagnast öllum.

*Verkefnið eins og það er lagt fyrir nemendur:*

### Hópur A: Dagblöð og tímarit

Finnið a.m.k. tvo ritdóma um *Ljósu* sem hafa birst í dagblöðum og tímaritum.

- Um hvað fjalla ritdómarnir? Hvernig eru þeir uppbyggðir?
- Leggja þeir áherslu á það sama eða nálgast þeir *Ljósu* á ólíkan hátt? Útskýrið vandlega hvernig.
- Semjið ykkar eigin ritdóm um *Ljósu* á því formi sem ykkar miðill er á.

Vandið til verka og gætið þess að skrifið samræmist textategundinni sem þið hafið til umfjöllunar, í þessu tilfelli dagblaðatexta.

### Hópur B: Internetið

Finnið a.m.k. tvo ritdóma um *Ljósu* sem hafa birst á netinu.

- Um hvað fjalla ritdómarnir? Hvernig eru þeir uppbyggðir?
- Leggja þeir áherslu á það sama eða nálgast þeir *Ljósu* á ólíkan hátt? Útskýrið vandlega hvernig.
- Semjið ykkar eigin ritdóm um *Ljósu* á því formi sem ykkar miðill er.

Vandið til verka og gætið þess að skrifið samræmist textategundinni sem þið hafið til umfjöllunar, í þessu tilfelli grein sem á að birta á netinu.

### Hópur C: Sjónvarp

Finnið a.m.k. tvo ritdóma um *Ljósu* sem hafa birst í sjónvarpi. Þeir mega hafa birst í sama þættinum ef um tvo mismunandi álitsgjafa er að ræða.

- Um hvað fjalla ritdómarnir? Hvernig eru þeir uppbyggðir?
- Leggja þeir áherslu á það sama eða nálgast þeir *Ljósu* á ólíkan hátt? Útskýrið vandlega hvernig.
- Semjið ykkar eigin ritdóm um *Ljósu* á því formi sem ykkar miðill er.

Vandið til verka og gætið þess að ritdómurinn samræmist því formi sem þið hafið til umfjöllunar, í þessu tilfalli ritdómur um bók sem birta á í sjónvarpi. Hafið í huga á hvaða sjónvarpsstöð eða í hvaða þætti ritdómurinn á að birtast þar sem það getur skipt máli þegar kemur að málsniði og öðru.

### Hópur D: Útvarp

Finnið a.m.k. tvo ritdóma um *Ljósu* úr útvarpi. Þeir mega hafa birst í sama þættinum ef um tvo mismunandi álitsgjafa er að ræða.

- Um hvað fjalla ritdómarnir? Hvernig eru þeir uppbyggðir?
- Leggja þeir áherslu á það sama eða nálgast þeir *Ljósu* á ólíkan hátt? Útskýrið vandlega hvernig.
- Semjið ykkar eigin ritdóm um *Ljósu* á því formi sem ykkar miðill er.

Vandið til verka og gætið þess að ritdómurinn samræmist því formi sem þið hafið til umfjöllunar, í þessu tilfalli ritdómur um bók sem á að útvarpa. Hafið í huga á hvers konar útvarpsstöð ritdómurinn á að heyrast þar sem það getur skipt máli þegar kemur að málsniði og öðru.

**Markmið:** Að nemendur kynnist textategundinni *ritdómur* á hinum ýmsu miðlum. Að nemendur leggi persónulegt mat á skáldsöguna með rökum og setji skoðanir sínar fram á viðeigandi formi.

## Verkefni 12

### *Samanburðarbókmenntafræði*

*Til kennara:*

Hér gefst ágætis tækifæri til að bera *Ljósu* saman við aðrar bókmenntir og veita athygli vísunum í texta sem nemendur hafa jafnvel lesið sjálfir. Einnig mætti fjalla um ýmis minni og þemu sögunnar og tengja við bókmenntir, annað námsefni og fleira sem nemendur þekkja.

Í eftirfarandi broti úr *Sjálfstæðu fólki* eftir Halldór Laxness er því lýst hvernig Rósa, eiginkona Bjarts í Sumarhúsum, slátrar kind sér til matar. Rósa þráir að fá kjöt að borða, en það er sjaldan á boðstólnum í Sumarhúsum:

Að lokum þoldi hún ekki leingur mátið, heldur spratt frammúr rúmi sínu. Hún hirti ekki einusinni um að klæðast yfirklæðum sínum, heldur gekk um baðstofuna berhandleggjuð, hálfnöktum barmi, andvökuföl, gljáandi augum, vilt. Hún þreifaði fyrir sér uppundir mæniásnum í hálfbirtu morgunsins, og dró þar útundan sperru ljá Bjarts vafinn í pokadulu, vafði utanaf, bar hann uppað glugganum, leit í blaðið, reyndi bit þess á hári sínu. Síðan gekk hún ofan. Kindin hljóp eldstygg um húsið frá vegg til veggjar, og konan elti, hnjótandi um amboð og reipadræsur sem fallið höfðu á gólfíð í ókyrleika næturinnar, en hún var ekki leingur hrædd, engar grillur gátu truflað þá ákvörðun sem hún hafði tekið, og eftir nokkurn eltíngarleik tókst henni að handsama kindina. Síðan leysti hún tagl úr reipi og dró kindina frammá bæarhelluna. Kindin sparn á móti og blés þöndum nösum. Hún dró hana niður túnið, niðrað læknum, þar sem hann rennur úti mýrina. Þar lagði hún hana niður, þannig að höfuðið vissi frammá lækjarbakkann. Hún njörvaði reiptaglinu um fætur henni. Það var orðið verkljóst.

Hún fór sér að eingu óðslega, strauk ullina frá vaungum kindarinnar einsog vanur slátrari, en nú hafði skepnan skynjað dauða sinn, hún titraði undir höndum konunnar, emjaði opnum munni, úþöndum nösum, braust um ákaft í böndunum. En öll viðkvæmni og miskunn var konunni fjarri á þessu augnabliki, hún settist tvívega ofaná liggjandi kindina, reyndi að skorða skrokkin milli fóta sér, og tókst loks að stöðva hana svo að henni þótti sér óhætt að bera ljáinn að hálsi hennar. Ljárinn var miðlúngi góður skurðarhnífur, því þótt fjöðurin biti fór hann svo illa í hendi að sérstaka aðgæslu þurfti til að skaða ekki sjálfan sig, hún varð að tvíhenda hann, og misti um leið alt tak á höfði kindarinnar í fjörbrotunum. En hún lét þennan torveldleik ekki aftra sér í neinu, heldur hélt áfram að sarga og saga í háls kindarinnar, heitar blóðgusurnar spýttust uppí andlit henni, hendur hennar voru löðrandi í blóði, og smámsaman mæddi kindina svo blóðrás að hún hætti umbrotunum, hætti jafnvel að lyfta höfðinu, korráði aðeins með opnum munni. Loks hitti konan á hálsliðinn. Hún þrýsti egginni dýpra og dýpra, það fór lostafullur krampi um skepnuna, þar sem hún lá skorðuð milli fóta konunnar, síðast hristist ekkert nema dindillinn. Þá var hálsliðurinn svo opin að sá í hvíta mænuna, og hún skar þvert á mænuna, það fór enn einusinni um kindina augnabliks skjálfti, svo var hún dauð. Síðan skildi konan höfuðið frá skrokknem og lét leka áfram úr strjúpanum niðri lækinn, það var dálítið blóð í grasinu. Konan settist niður við lækinn og þvoði sér um hendur og andlit undir fossbununni, þurkaði vandlega af ljánum með mosa. Það sló að henni hrolli og hún var máttfarin, næstum sljó, og gerði sér ekki frekari grein fyrir því verki sem hún hafði unnið, reikaði heimað bænum til að klæða sig og settist á rúm sitt, æsing hennar var liðin hjá, hún hafði feingið hvötum sínum fullnægt, og við lausnina rann á hana notalegur höfgi í gráu morgunsárinu, hún hallaði sér afturábak, kipti sænginni uppýfir bera öxl sína og var þegar sofnuð.

(Halldór Laxness 1961:83-84)

Þegar Rósa vaknar verkar hún kindina og borðar nægju sína af kjöti, slátri og fleira góðgæti af skepnunni, eftir að hún hefur þrifið ummerki slátrunarinnar fyrir Bjarti því hann má ekki komast að því hvað hún hefur gert. Þetta hungur Rósu í kjöt minnir á hungur Ljósu í kjöt, kaffi og ýmsan

munað sem hún ólst upp við en Vigfús er sparsamur (enda alinn upp við aðrar aðstæður en Ljósá, sjá t.d. s. 63) og þar er ekki mikið um óþarfabruðl. Í eftirfarandi broti úr *Ljósu* er vísun í slátrun Rósu í *Sjálfstæðu fólki*:

Í fjárhúsinu er hlýtt og notalegt. Veit að ærnar liggja hlið við hlið og það er að mér komið að leggjast hjá þeim og gleyma mér. En þá blandast fjárlyktin ilminum af nýsoðnu kjöt og þarna eru líka nýbrenndar kaffibaunir. Munnvatnið tekur að streyma. Man til hvers ég er komin. Skal gefa mínu fólki almennilega að éta. Hér er það ég sem ræð!

Teygi mig upp undir sperruna þar sem ljáirnir eru geymdir. Þreifa mig áfram í myrkrinu og finn það sem ég leita að. Sé varla handa skil en kann bitað, fálma eftir brýni en finn ekki. Þá kemur kuti upp í hendurnar á mér. Orðin vön myrkrinu sé ég glitta í fjöldann allan af augum. Þau skína eins og stjörnur í myrkrinu. Geng á stjórnurnar, gríp í horn og bregð kuta á kverk.

Heitur blóðboginn stendur yfir mig. Féð rýkur upp og tekur á rás með harki og spörkum. Kemst ekki út, lokað inni í krónni. Ég rígheld í ána sem hamast í dauðateygjunum. Hún er sterk en ég er sterkari. Blóðið sprautast yfir andlit og háls. Nú liggur hún kyrr, kippirnir að fjara út. Ég gef mér ekki tíma til að sleikja blóðið af vörunum. Gríp þá næstu og þarnæstu, fumlausum ákveðnum tókum. Hér skal verða kjöt og ekkert til sparað! Ætla að lóga svo mörgum ám að ég geti soðið kjötbíta hvenær sem mig lystir. Þetta eru mínar ær, mitt kjöt og ég nenni ekki lengur þessu eilífa trosi.

Helvítis myrkur er þetta. Ég fer varlega en renn til í hálu gólfinu. Skell kylliflöt. Missi kutann. Fálma út í loftið. Velti mér á grúfu. Reyni að rísa upp en næ ekki að grípa í neitt og ærnar hlaupa mig hvað eftir annað um koll. Finn skerandi verk í hægri öxlinni...

Hundgá og einhver rífur upp hurðina. Svo er brugðið upp ljósi.

– Það er hún mamma þín, er hrópað í dyragattinni. Kannski er það Vigfús. Ég þekki ekki röddina, heyrir ekkert fyrir suðinu í eyrunum en finn spörkin í ánum þegar þær rekast í mig. Sný mér undan, forðast birtuna og man ekki meir. (s. 204-205)

Báðar konurnar fremja þessa verknaði í eins konar sturlun eða brjálæði, þær missa stjórn á sér og verða villtar, frumstæðar. Eftir á eru þær uppgefnar en hafa svalað þorsta sínum bæði andlega og líkamlega, líkamlega með því að borða kjötið sem þær þyrstir í og andlega því í brjálæði verknaðarins felst viss útrás.

Sjónarhornið er ólíkt í þessum frásögnum. Lesandi horfir á Rósu slátra kindinni, gjörðum hennar er lýst þó lýsingin verði huglæg á stöku stað og lesandi sér í huga hennar: „...þoldi hún ekki leingur mátið...“, „...öll viðkvæmni og miskunn var konunni fjarri á þessu augnabliki...“, „...hún var máttfarin, næstum sljó, og gerði sér enga grein fyrir því verki sem hún hafði unnið...“, „...rann á hana notalegur höfgi...“ Í lýsingunni á því þegar Ljósá slátrar kindunum er það hins vegar hún sjálf sem sýnir lesanda það sem hún sér og upplifir. Lýsingin er ekki utan frá eins og í *Sjálfstæðu fólki*.

Verkefni nemenda felst í lesa þessi tvö textabrot og bera þau saman. Unnið er á stöðvum og er mælt með því nemendur fari á milli stöðva sé því viðkomið.

*Verkefnið eins og það lítur út fyrir nemendur.*

### 1. Umræðustöð

- Berið saman textana tvo. Hvað er líkt og hvað er ólíkt?
- Berið saman aðstæður þeirra Ljósu og Rósu.
- Ræðið sjónarhornið í brotinu í *Sjálfstæðu fólki*. Finnið dæmi þar sem lesandi sér inn í hug konunnar.

### 2. Rannsóknarstöð

- Finnið illskiljanleg orð í textunum, flettið þeim upp og búið til orðskýringar.
- Leitið að heimildum, myndum, umfjöllun og fleiru á netinu þar sem fjallað er um slátrun Rósu í *Sjálfstæðu fólki*. Safnið áhugaverðum tenglum til að deila með öðrum nemendum.

### 3. Skapandi stöð

- Myndskreytið hvorn atburð fyrir sig. Styðjist við textana og notið ímyndunaraflið.
- Endurskrifið textabrotið úr *Ljósu* þannig að horft er á atburði utan frá. Reynið að vera hlutlaus í frásögn ykkar, eins og þið hélduð á upptökuvél og sæjuð atburðina í gegnum linsuna.
- Endurskrifið textabrotið úr *Sjálfstæðu fólki* eins og Rósa væri sjálf að lýsa atburðum, samanber slátrun Ljósu.

**Markmið:** Að nemendur geri sér grein fyrir vísunum og textatengslum í bókmenntum, kynnist hugtökum eins og *vísun*, *sjónarhorni* og *minni* geti beitt þeim í bókmenntagreiningu.

## Verkefni 13

### *Kynblutverk á sögutímanum*

*Til kennara:*

Ljósa gerist á tímum þar sem hlutverk kynjanna voru skýrt mótuð og tækifærin voru ekki þau sömu fyrir stelpur og stráka. Ljósa er uppáhaldsbarn föður síns, hreppstjórans, en hún er kona og getur því ekki tekið við búskapnum eins og pápi hennar segir:

- Þú hefur átt að vera strákur, Ljósa mín!
- Af hverju segirðu það?
- Þá hefurðu tekið við jörðinni!
- Ég sagði ekki neitt en tók fast utan um hálsinn á honum og hjúfraði mig ofan í skeggið sem er farið að grána. Og ég fann hvað mér þótti vænt um að hann skyldi segja þetta. (s. 31)

Í orðum föðursins felst viðurkenning en jafnframt óhagganlegur sannleikur. Ljósa væri efnileg ef aðeins hún væri strákur. Dætur hreppstjórans fá ekki sömu tækifæri og synir hans. Gunnhildi, systur Ljósu, langar t.d. til Kaupmannahafnar og Ljósa sjálf lætur sig dreyma um að fara þangað með Sveini. Þær komast þó ekki lengra en til Reykjavíkur en bræður þeirra, Pétur Jakob og Ingi, sem og Stefán sonur Ljósu, komast allir utan til náms eða starfa. Gert er ráð fyrir því að karlmaðurinn vinni inn fyrir heimilið en konan sinni heimilisstörfum. Staður kvennanna er inni á heimilinu en karlmennirnir í sögunni koma og fara nánast eftir eigin hentugleik. Ljósa vinnur þó þar sem hún er eftirsótt saumakona, en Vigfús gerir lítið úr hennar framlagi:

Vigfús leggur til heimilisins það sem hann aflar og stendur fastur á sínu. Og honum finnst nóg um alla rausnina. Vill hafa matinn einfaldari, eyða minna í kaffi og sætabrauð. Ég bendi honum á að með nýjum vefstól geti ég aflað okkur meiri innkomu. Svo ég tali nú ekki um ef við kaupum þrjónavél. Hann eyðir talinu, telur það óveru sem ég leggi til búðsins hvort sem er. (s. 97)

Þessi óverulega vinna Ljósu fer líka fram innan heimilisins. Reyndar stóð henni stóð til boða að læra meira í Reykjavík og starfa sem kennari en hún þráði að komast aftur heim í sveitina sína og öryggi foreldrahúsanna. Flest systkini hennar þrá að komast þaðan til að losna undan ofríki föðursins en þrátt fyrir að Ljósu mislíki margt í fari hans þarf hún mikið á honum að halda og getur ekki hugsað sér að vera án hans.

Faðir Ljósu barnar ýmsar konur út um allar sveitir og kemur jafnvel með þær inn á heimilið þar sem börnin þeirra fæðast. Katrín kona hans tekur við börnunum og elur t.d. Einar upp sem sinn eigin son. Við fáum að heyra af þögullri vanlíðan Katrínar eins og Ljósa upplifir hana, en hún segir ekkert, hún er táknmynd hinnar óvirku eiginkonu í sögunni. Móðirin reynir að standa með Ljósu og Sveini en faðirinn á lokaorðið og neitar.

Mamma situr hjá mér. Hún er grátbólgin. Ég veit að hún hefur talað við pápa. Veit að hún hefur staðið með mér en tapað. Hún er að reyna að segja mér eitthvað en ég heyrir það ekki. Horfi á hana, hnípna, kinnfiskasogna og rauðeygða. Mamma hefur tapað öllum orrustum við pápa. Samt lætur hún aldrei bugast. (s. 48)

Verkefni nemenda er að fjalla um valdar persónur sögunnar út frá hlutverkum og stöðu kynjanna og nota textann til stuðnings. Til þess að góðar umræður vakni um hvert efni er mikilvægt að nemendur fái að ræða saman í minni hópum. Til dæmis er hægt að setja upp stöðvar í stofunni, fjögur aðskilin borð tákna fjögur aðskilin umræðuefni. Nemendur setjast síðan í smáum hópum við hvert borð, ræða efnið sem þar er til umfjöllunar og punkta hjá sér niðurstöður sínar. Kennari

gefur síðan merki eftir hæfilegan tíma og þá færa allir hóparnir sig yfir á næsta borð þar sem þeir endurtaka leikinn með næsta umræðuefni. Þegar allir hópar hafa lokið umræðum á öllum borðum getur sá hópur sem staddur er á hverju borði fyrir sig kynnt niðurstöður um það umræðuefni. Hinir hóparnir geta svo bætt einhverju við ef þeir hafa komist að annarri niðurstöðu um viðkomandi umræðuefni.

*Verkefnið eins og það er lagt fyrir nemendum:*

### **Borð A**

Vigfús leggur til heimilisins það sem hann aflar og stendur fastur á sínu. Og honum finnst nóg um alla rausnina. Vill hafa matinn einfaldari, eyða minna í kaffi og sætabrauð. Ég bendi honum á að með nýjum vefstól geti ég aflað okkur meiri innkomu. Svo ég tali nú ekki um ef við kaupum þrjónavél. Hann eyðir talinu, telur það óveru sem ég leggi til búsin hvort sem er. (s. 97)

Í þessu textabroti úr Ljósu, og á mörgum fleiri stöðum í sögunni, má sjá vísbendingu um verkaskiptingu kynjanna á sögutíma.

Ykkar verkefni er að ræða eftirfarandi:

- Hvað er líkt og hvað er ólíkt með stöðu kynjanna á sögutímanum og í dag?
- Hvaða hlutverk höfðu konur á þessum tíma og hver voru hlutverk karlanna?
- Hvernig var sambandi Ljósu og Vigfúsar háttað miðað við tíðaranda sögutíma? En miðað við tíðaranda okkar lesenda?
- Hvernig var samband Jóns og Katrínar samanborið við samband Vigfúsar og Ljósu?

Ræðið og ritið hjá ykkur niðurstöðurnar. Vísið í textann máli ykkar til stuðnings.

### **Borð B**

*Ljósa* gerist á tímum þar sem hlutverk kynjanna voru skýrt mótuð og tækifærin voru ekki þau sömu fyrir stelpur og stráka. Ljósa er uppáhaldsbarn föður síns, hreppstjórans, en hún er kona og getur því ekki tekið við búskapnum eins og pápi hennar segir:

-Þú hefur átt að vera strákur, Ljósa mín!

-Af hverju segirðu það?

-Þá hefurðu tekið við jörðinni!

Ég sagði ekki neitt en tók fast utan um hálsinn á honum og hjúfraði mig ofan í skeggið sem er farið að grána. Og ég fann hvað mér þótti vænt um að hann skyldi segja þetta. (s. 31)

Ykkar verkefni er að ræða eftirfarandi:

- Hvernig hefði líf Ljósu orðið öðruvísi hefði hún verið karlmaður?
- Hvaða tækifæri höfðu konur til menntunar á sögutíma? En karlmenn?
- Hvernig var sambandi Ljósu við föður sinn háttað?
- En bræðrana við föður sinn?

Ræðið og ritið hjá ykkur niðurstöður. Vísið í textann máli ykkar til stuðnings.



### Borð C

Gunnhildi, systur Ljósu, langar til Kaupmannahafnar og Ljósa sjálf lætur sig á tímabili dreyma um að fara þangað með Sveini. Þær komast þó ekki lengra en til Reykjavíkur en bræður þeirra, Pétur Jakob og Ingi, sem og Stefán sonur Ljósu, komast allir utan til náms eða starfa.

Ykkar verkefni er að:

- Bera saman aðstæður og uppeldi Ljósu og systkina hennar.
- Hvaða tækifæri hafa bræður hennar? En systur?
- Ræða sambandið milli Ljósu og Gunnhildar
- Ræða sambandið milli Ljósu og bræðranna.

Ræðið og ritið hjá ykkur niðurstöður. Vísið í textann máli ykkar til stuðnings.

**Markmið:** Að nemendur geri sér grein fyrir stöðu kynjanna á sögutímanum og beri saman við það sem þeir þekkja úr samtíma sínum. Nemendur segi skoðun sína á stöðu kynjanna og ræði í hópum.

## Verkefni 14

### *Slaufan*

Lokakafli sögunnar er sá sami og upphafskaflinn. Við lok sögu lesa nemendur kaflann aftur og leggja mat á hann eftir að hafa lesið alla söguna. Hvaða áhrif hefur þessi kafli í sögulok og hvernig túlka nemendur hann? Hvaða merkingu leggja nemendur í kaflann? Verkefni 1 (kveikjan) er skoðað aftur en þar var fjallað um upphafskafla sögunnar áður en sagan var lesin í heild sinni. Nemendur endurmeta kaflann og bera saman hugmyndir sínar um söguna fyrirfram við skoðanir sínar við sögulok.

*Verkefnið eins og það lítur út fyrir nemendur:*

Skrifaðu ígrundun þar sem þú veltir eftirfarandi atriðum fyrir þér:

- Hvaða merkingu leggur þú í lokakafla sögunnar? Hver er „hún“ og hver er „hann“?
- Hvernig hefur túlkun þín á kaflanum breyst frá því í upphafi sögu? Hvað hélstu þá og hverju hefur þú komist að?

**Markmið:** Að nemendur átti sig á því að fyrirfram gefnar hugmyndir reynast ekki alltaf réttar. Að nemendur líti yfir farinn veg og að lestri bókarinnar ljúki á sama hátt og hann hófst.

## Verkefni 15

### Lokaverkefni

*Til kennara:*

Mælt er með að nemendur vinni lokaverkefni í kjölfar minni verkefna úr sögunni. Hér verða lagðar fram tillögur að lokaverkefnum sem ýmist má leggja fram sem ritgerðarefni eða sem efni fyrir erindi á málþingi/málstofum sem skipulagt er af nemendum og kennara. Meðfylgjandi er matsblað sem nota má í jafningjamati á erindum nemenda.

*Verkefnið eins og það er lagt fyrir nemendum:*

Tillögur að umfjöllunarefnum fyrir lokaverkefni:

- „Hann býr austast í sýslunni, ég vestast en fljót og jökulár eru á milli okkar.“ (s. 63). Þetta segir Ljósa um Vigfús við þeirra fyrstu kynni. Veltið fyrir ykkur þessari málsgrein og hvernig samband þeirra endurspeglast í henni.
- Fjallið um samband Ljósu við vinnukonur á æskuheimilinu og óbeit hennar á vinnukonum á heimili þeirra Vigfúsar. Skoðið ástæður og áhrif þessa.
- Lesið smásöguna *The Yellow Wallpaper* eftir Charlotte Perkins Gilman. Berið aðstæður konunnar í sögunni saman við aðstæður Ljósu og fjallið um innilokun og frelsissviptingu kvennanna.
- Lesið skáldsöguna *Karítas án titils* eftir Kristínu Mörju Baldursdóttur. Berið saman hugarheim Ljósu og Karítasar og fjallið um örlög þessara kvenna.
- Fjallið um og greinið samband Ljósu við föður sinn.
- Fjallið um hið yfirnáttúrulega í sögunni. Ljósa er upptekin af sögum um álfa og huldufólk. Hver er Hulda og hvaða hlutverki gegnir hún í sögunni?
- Fjallið um Ljósu og ástina og áhrif hennar á líf Ljósu og veikindi.
- Berið saman persónurnar Jón (pápa) og Vigfús.
- Fjallið um sögumanninn Katrínu og notkun annarrar persónu sögumanns.
- Fjallið um Svein. Hvers vegna ætli hann hafi gefist upp fyrir pápa og ekki barist fyrir Ljósu? Veitið endurfundum Sveins og Ljósu athygli og fjallið um svik Sveins.
- Fjallasýn hefur mikil áhrif á líðan Ljósu. Fjallið um fjöllin hennar og umhverfislýsingar í sögunni.

Matsblað fyrir jafningjamat:

Matsþættir	Vægi	Einkunn	Athugasemdir
Kynning á efni og framsetning rannsóknarspurningar.	20%		
Flæði í kynningu, er eðlilegt upphaf, miðja og endir? Halda flytjendur sig við efnið?	25%		
Rökstuðningur við greiningu.	20%		
Tekst flytjendum að halda athygli hlustenda?	10%		
Geta flytjendur svarað spurningum úr efninu í umræðum?	15%		
Málfar og almennur frágangur.	10%		

**Markmið:** Að nemendur nýti vinnuna sem þeir hafa unnið í sambandi við *Ljósu* í stórt lokaverkefni. Lokaverkefnið kemur í staðinn fyrir hefðbundið próf og gefur nemendum tækifæri til að láta ljós sitt skína og velja sér viðfangsefni eftir áhugasviði. Ef valið er að hafa málstofu veitir jafningjamatíð þjálfun í að hlusta á og meta framlag annarra, horfa á það með gagnrýnum augum og meta á sanngjarnan hátt.

## Heimildaskrá

- Halldór Laxness. 1961. *Sjálfstætt fólk*. 3. útgáfa. Helgafell, Reykjavík.
- Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. 1989. Jakob Benediktsson ritstýrði. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. Mál og menning, Reykjavík.
- Kristbjörg Jónsdóttir. 1910. Bréf til ættingja í Kanada, 20. nóvember. Sótt 24. apríl 2013 af <http://www.vesturfarin.is/idagver%C3%B0ager%C3%B0i.html>
- Kristín Steinsdóttir. 2010. *Ljósa*. Vaka-Helgafell, Reykjavík.
- Þórunn Blöndal. 2010. Textar og nýting þeirra í kennslu. *Skíma*, 33,2:12-16.

## Ítarefni

- Bókmenntir.is*. [Án árs]. Kristín Steinsdóttir. Sótt 24. apríl 2013 af [http://www.bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3396/6134\\_read-84/start-k/RSkra-84s](http://www.bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3396/6134_read-84/start-k/RSkra-84s)
- Eydís K. Sveinbjarnardóttir, Páll Biering og Óttar Guðmundsson. 2008. Geðhjúkrun í 100 ár. Samantekt úr bók Óttars Guðmundssonar *Kleppur í 100 ár. Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 84,5:24-30.
- Friðrika Benónýsdóttir. 2010. Komdu með mér inn í skuggann. Ritdómur um skáldsöguna *Ljósu* eftir Kristínu Steinsdóttur. *Fréttablaðið*, 17. nóvember.
- Gilman, Charlotte Perkins. 1892. *The Yellow Wallpaper*. Aðgengilegt á vefslóðinni: <http://www.gutenberg.org/ebooks/1952>
- Ingvar Sigurgeirsson. 1999. *Að mörgu er að hyggja*. 3. útgáfa. Iðnú, Reykjavík.
- Kristín Marja Baldursdóttir. 2004. *Karitas án titils*. Mál og menning, Reykjavík.
- Miðstöð íslenskra bókmennta*. 2010a. Viðtal Davíðs K. Gestssonar við Kristínu Steinsdóttur um skáldsöguna *Ljósu*. Sótt 25. apríl 2013 af <http://www.islit.is/hofundur-manadarins/nr/2026>
- Miðstöð íslenskra bókmennta*. 2010b. „Nú verði ég að hætta...“ Viðtal við Kristínu Steinsdóttur um skáldsöguna *Ljósu*. Sótt 25. apríl 2013 af <http://www.islit.is/frettir/nr/1520>
- Morgunblaðið*. 2001. Sendibréf, 21. september. Sótt 25. apríl 2013 af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/627129/>
- Úlfhildur Dagsdóttir. 2010. Prinsessa í höll. Ritdómur um skáldsöguna *Ljósu* eftir Kristínu Steinsdóttur. *Bókmenntir.is*. Sótt 24. apríl 2013 af [http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3409/5648\\_read-23855/](http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3409/5648_read-23855/)
- Wright, Trevor. 2012. *How to be a Brilliant English Teacher*. 2. útgáfa. Routledge, London og New York.